



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Íslensk þjóðlagatónlist

Dauði og upprisa

Bjarni Karlsson

Lokaverkefni til BA-prófs

Listaháskóli Íslands

Tónlistardeild

Vorönn 2024

Íslensk þjóðlagatónlist

Dauði og upprisa

Bjarni Karlsson

Lokaverkefni til BA-prófs í Skapandi tónlistarmiðlun

Leiðbeinandi: Arnar Eggert Thoroddsen

Skapandi tónlistarmiðlun

Tónlistardeild

Vorönn 2024

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í Skapandi tónlistarmiðlun við Listaháskóla Íslands. Óheimilt er að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Í þessari ritgerð verður hefðbundin íslensk þjóðlagatónlist skoðuð, uppruni hennar rakinn í stuttu máli og viðhorf í hennar garð sett í sögulegt samhengi. Viðhorf er hér lykilhugtak, en markmið ritgerðarinnar er að kanna af hverju sú þjóðlagatónlistarhefð sem mótaðist hér og lifði með landsmönnum nær óbreytt í mörg hundruð ár fjarlægðist okkur líkt og gerst hefur, því ekki er hún áberandi í íslensku tónlistar- og menningarlífi í nútímanum. Einnig verður þjóðlagatónlistarbylgjan á 7. og 8. áratugum seinustu aldar skoðuð, með því tilliti að þjóðlagatónlistararfur Íslendinga var ekki í forgrunni hjá þeim hljómsveitum sem upp úr bylgjunni spruttu. Leitað var í ritaðar heimildir um uppruna og tilurð tónlistarinnar, um aðstæður liðinna tíma, sem og aðrar rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar um svipað efni, og reynt að draga fram þau atriði sem höfundur taldi vera veigamest í þróun viðhorfsbreytinganna sem áttu sér stað. Auk þess voru tekin tvö viðtöl; annars vegar við Pétur Húna Björnsson, þjóð- og miðaldafræðing, og hins vegar Jón Árna Þórisson, tónlistarmann sem tók þátt í fyrirnefndri þjóðlagabylgju.

Helstu niðurstöður voru að á fyrri hluta 20. aldar átti sér stað menningarrof milli íslensks samfélags og þjóðlagatónlistararfsins. Í hinum miklu samfélagsbreytingum sem fóru af stað á seinni hluta 19. aldar varð tónlistin hluti af fortíðinni, því hún tilheyrði baðstofunni og bændasamfélaginu sem meginþorri Íslendinga vildi fjarlægjast og helst gleyma. Menningarrofið má rekja til viðhorfsþróunar sem hófst að mestu leyti á 19. öld, en um aldamótin 1800 fór að bera á því að fyrirmenni í samfélaginu vildu „bæta söngsmekk“ landsmanna. Sú skoðun að alþýðumenning Íslendinga sé smekklaus og eftirbátur annarra þjóða jókst með auknu menntunarstigi og bættum hag þjóðarinnar. Þegar komið var fram yfir seinna stríð var þetta orðin fjarlæg og ókunn fortíð í hugum ungs fólks sem hreifst af þjóðlagatónlistarbylgjum bæði vestan hafs og austan.

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Upphaf og orsakir	7
1.1 Hugtök og hugrenningatengsl	7
1.2 Uppruni	8
1.3 Ekkert er merkilegt nema handritin segi það.....	9
2. Alþýða, yfirstétt og viðhorf.....	10
2.1. Smekkleysa alþýðunnar	10
2.2. Þjóðlagasöfnun sr. Bjarna.....	12
3. Nútíminn er trunta	14
3.1 Kvæðamennskan á faraldsfæti.....	14
3.2 Nýtt samhengi þjóðlaga.....	16
3.3 Blessað stríðið	17
4. Þjóðlagabylgjur og menningarbyltingar.....	17
Niðurlag og umræður	19
Heimildaskrá.....	21

Inngangur

Í samfélagi sem tórir í þúsund ár á óaðgengilegri eyju langt norður í heimskautshafi er líklegt að myndist nokkuð sérstök menning. Það fólk sem byggir slíkt samfélag þarf að móta með sér hugarfar sem kemur því í gegnum óstöðugt veður, náttúruhamfarir, sjúkdóma, afar takmörkuð milliríkjaviðskipti, fámenni og skort. Slíkar voru aðstæður Íslendinga að miklu leyti til í mörg hundruð ár og þarf vart lærða rannsóknaritgerð til að benda á það. Ein afurða þessara tilvistarastæðna er tónlistararfur þjóðarinnar, en þar voru kveðskapurinn og ljóðlistin í forgrunni og sögurnar sem sagðar voru virðast hafa haft meira vægi en tónlistin sjálf.¹²

Ef hlutskipti hefðbundinnar íslenskrar þjóðlagatónlistar í íslensku nútímasamfélagi er skoðað er greinilegt að hún skipar ekki stóran sess. Íbúar landsins þekkja líklega flestir ákveðin lög eins og Krummi svaf í klettagjá, Yfir kaldan eyðisand og Dýravísur (hani, krummi, hundur, svín), en sem menningarlegt fyrirbæri er hún ekki áberandi. Hefðbundin þjóðlagatónlist annarra þjóða, á borð við Íra og Svía, virðist lifa betra lífi í sínum heimalöndum. Um miðja 20. öld varð svokölluð þjóðlaga-endurreisn (e. folk renaissance) í mörgum nágrennalöndum Íslands og víðar um heim. Frægastar eru eflaust bylgjurnar í Bandaríkjunum, með Bob Dylan, Joni Mitchell og fleiri í fararbroddi³, og á Bretlandseyjum og Írlandi með Dubliners, Chieftains og fleirum⁴⁵. Tónlistarlega byggðu bylgjurnar á þjóðtónlistar- og menningararfleifð, sem á ensku er kallað *traditional folk music* eða *hefðbundin þjóðlagatónlist*, sem öðlaðist endurnýjun lífdaga í breyttum samfélagsaðstæðum, bæði alþjóðlega og á hverjum stað fyrir sig.⁶

Þessar bylgjur náðu þó ekki til Íslands af sama þunga og víða annars staðar. Frá upphafi 7. áratugar og vel fram á þann 8. voru vissulega starfandi þó nokkrar hljómsveitir: Savanna-

¹ „Kveðskaparhefðin.“ Kvæðamannafélagið Iðunn. 7. nóvember 2018, sótt 2. maí 2024.

<https://lifandihefdir.is/lifandi-hefdir/kvedskaparhefdir/>

² „Kveðskaparlistin.“ Ragnheiður Ólafsdóttir. Sótt 28. apríl 2024. <https://www.rimur.is/kvedskaparlistin>

³ „What Was the Folk Revival?“ Race, Paul. -Sótt 7. maí 2024.

https://creekdontrise.com/folk_songs/folk_rev/what_is_folk_rev.htm

⁴ Mitchell, Julia Yvonne. „Subterranean Bourgeois Blues: The Second English Folk Revival, c. 1945-1970.“ (PhD-ritgerð, UCL, 2014), 19

⁵ „Folk music revivals and the birth of sessions.“ Thorman, Marc. Seinast uppfært 22. febrúar 2023. Sótt 4.

maí 2024. <https://scalar.usc.edu/works/music-in-global-america/folk-music-revivals-and-the-birth-of-sessions>

⁶ „What Was the Folk Revival?“

tríóið, Þrjú á palli, Ríó tríó, Lítið eitt og Heimir og Jónas, svo einhverjar séu nefndar. Þrátt fyrir vinsældir margra þessara hljómsveita virðist menningarlegi hluti þeirra ekki hafa náð að festa rætur, þ.e. að tónlistin sem þær léku og alþýðleg iðkun hennar hefur ekki festis í sessi sem menningarlegt fyrirbæri. Að miklu leyti léku þessar hljómsveitir erlend lög með íslenskum textum, og voru í raun fáar sveitir sem byggðu sína efnisskrá mestmegnis á íslenski þjóðlagatónlist.⁷⁸⁹

Á seinustu misserum hef ég verið að framkvæma óformlega og óvísindalega könnun á hugrenningartengslum hins almenna Íslendinga við hugtakið *íslensk þjóðlagatónlist*. Eitt áhugaverðasta svarið sem ég hef fengið kom frá leigubílsstjóra sem skutlaði mér heim af barnum eitt kvöld. Í hans huga var íslensk þjóðlagatónlist Bubbi, Jón Jónsson og Iceguys, meðal annarra. Sem sagt, hann tengdi þetta hugtak við það sem er kannski einmitt kjarni málsins: Er þjóðlagatónlist ekki tónlistin sem þjóðin þekkir, hluti af okkar daglega samfélagi, og endurspeglar það?

Það er frá þessum vangaveltum sem rannsóknarspurning ritgerðarinnar sprettur:

Af hverju er íslensk þjóðlagatónlist svona fjarlæg okkur, bæði menningarlega og tónlistarlega?

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara þessari spurningu á skýran hátt, sögulegt samhengi tónlistarmenningararfsins skoðað og litið til viðhorfs landsmanna í garð hans í gegnum aldirnar.

⁷ „Lítið eitt (1970-1976).“ Helgi Jónsson. 19. janúar 2015. Sótt 14. mars 2024.

https://glatkistan.com/2015/01/19/litid_eitt/

⁸ „Savanna tríó (1961067 / 1990).“ Helgi Jónsson. 18. febrúar 2017. Sótt 4. maí 2024.

<https://glatkistan.com/2017/02/18/savanna-trioid/>

⁹ „Ríó Tríó [2] Þ(1965-2011).“ Helgi Jónsson. 20. júlí 2015. Sótt 5. maí 2024.

<https://glatkistan.com/2015/07/20/rio-trio-2/>

1. Upphaf og orsakir

1.1 Hugtök og hugrenningatengsl

Þegar fjallað er um þjóðlagatónlist er ekki gott að vita nákvæmlega hvað er átt við, og hefur sameiginlegur skilningur á orðinu verið nokkuð á reiki um langan tíma. Fyrir það fyrsta er tvítekning innan orðsins *þjóðlagatónlist*; lag og tónlist. Í öðru lagi ert vert að spyrja hvað *þjóðlag* er. Á heimsþingi Alþjóða þjóðlagatónlistarráðsins (*e. International Folk Music Council*) árið 1954 var lögð fram formleg skilgreining á þjóðlagi. Samkvæmt þeirri skilgreiningu er þjóðlag lag sem hefur varðveist meðal ákveðins hóps fólks og þróast og tekið breytingum í munnlegri geymd yfir langan tíma, oft án þess að uppruni þess eða höfundur sé þekktur.¹⁰

Sú tegund þjóðlagatónlistar sem mest er um rætt hér er svokallaður kveðskapur.

Kvæðamannafélagið Iðunn skilgreinir þann menningararf sem eftirfarandi:

Kveðskapur er flutningur vísna undir rímnaháttum. Hver vísa er 2 – 4 braglínur og eru því lögin stutt. Þau kallast rímnalög, kvæðalög, stemmur eða bragur. Lögin eru mjög fjölbreytt hvað varðar tónbil, hryn og tóntegundir. Flytjandinn, kvæðamaður eða kvæðakona, flytja lögin yfirleitt ein, hver á sinn máta og með sérstökum söngstíl. Kveðskaparlistin er aldagömul. Kveðskapur var algengur um allt land, á kvöldvökum í baðstofum á bæjunum og í verbúðum. Þá voru oftast kveðnar rímur. Kvöldvökurnar lögðust af á fyrrihluta 20. aldar, en kveðskapur lifði áfram á ýmsum mannamótum og er í dag m.a. stundaður í kvæðamannafélögum.¹¹

Önnur hugtök en *þjóðlagatónlist* yfir sama fyrirbærið eru til t.d. *alþýðutónlist*, *fólktónlist* og *þjóðtónlist*, en þau virðast ekki vera jafn útbreidd eða í mikilli notkun. *Fólktónlist* er reyndar notað talsvert, en það hugtak þykir mér hafa almennari og alþjóðlegri blæ og ná yfir víðara svið en hér um ræðir. Einhverjum þætti auðvelt að gera tengingar við þjóðerni og þjóðernishyggju, kannski er það hluti vandans að *þjóð-* forskeytið gefi orðunum mögulega formlegri og fornari blæ. *Þjóð-* forskeytið tel ég þó hafa skýrasta meiningu og að flestir skilji það á svipaðan hátt og því verður stuðst við það í þessari ritgerð, auk þess sem talað verður um *kveðskap* eða *rímnakveðskap* þegar það á við.

¹⁰ Karpeles, Maud. „Definition of Folk Music.“ *Journal of the International Folk Music Council*, 7. tölublað (1955), 6-7

¹¹ „Kveðskaparhefðin.“

1.2 Uppruni

Ég ræddi við Pétur Húna Björnsson, þjóð- og miðaldafræðing, um málefni og stöðu íslenskrar þjóðlagatónlistar.¹² Hann hefur m.a. skrifað ritgerðir um þjóðlagasafn sr. Bjarna Thorsteinssonar og um hina íslensku rímnahefð. Hann hefur einnig lagst í rannsóknir út frá sömu vangaveltum og þessi ritgerð byggir á, þ.e. að kanna hvers vegna tónlistin fylgdi ekki með inn í nútímann sem lifandi menningararfur.

Í samtali okkar fór hann yfir uppruna tónlistarinnar og nefndi að í grunninn sé íslensk þjóðlagatónlist samofin hinni fornu baðstofumeningu og því bændasamfélagi sem hún tilheyrði. Landnámsmenn hafi flutt inn þjóðfélagsskipan frá þeim bændasamfélögum hvaðan sem þeir komu. Nokkuð fjölmennt gat verið á hverjum bæ, fólk sat í baðstofunni á kvöldvökum við tóvinnu og annað handverk og algengt var að lesnar væru sögur eða fluttar rímur á meðan vinnunni stóð. Í tímans rás bárust allskonar menningarleg áhrif að utan með farmönnum og sæförum, nýbúum og innflytjendum. Það sem hafi verið öðruvísi hér en annars staðar í Evrópu var þéttbýlisskortur Íslendinga; hér voru engin þorp eða þéttbýli. Þessir farmenn fóru því með sína nýju þekkingu á dönsum og kveðskap heim í baðstofuna og það var í baðstofunni sem nýjar og gamlar hefðir mættust. Allt blandast þetta saman og þannig þróaðist íslensk þjóðlagatónlistarmening í það sem við könnumst við í dag.

Aðstæður landsmanna voru líka bágar. Fátækt var mikil, óttinn við hungursneyð og hörmungar var raunverulegur og hlutfall þeirra sem voru eignalaus vinnuhjú gat náð allt að 25% hverju sinni. Þannig var raunin m.a. á 19. öld, enda stóð tæknistig á Íslandi í stað eða jafnvel versnaði frá landnámsöld og fram á 19. öldina.¹³ Með vistarbandinu svokallaða unnu ráðamenn á Íslandi í margar aldir gegn þéttbýlismyndun, ríkir bændur óttuðust sjávarútveg og vinnuafslátta úr sveitum.¹⁴ Erfið lífsskilyrði, fátækt og hörð vinnumening gáfu eflaust ekki mikið svigrúm til afslappaðra söngstunda og gleðskapar milli fólks. Í þéttbýli þar sem verkafólk hefði getað búið innan um fleira fólk, ekki undir þaki bóndans, og haft færi á að eiga samskipti fjarri hans vökula auga þá hefði þróun tónlistarinnar eflaust verið önnur en við þekkjum í dag.

¹² Pétur Húni Björnsson (þjóð- og miðaldafræðingur, doktorsnemi, starfsmaður Árnastofnunar), viðtal tekið af höfundu ritgerðar á kaffihúsi Bókasamlagsins 27. október 2023

¹³ „Hvað var vistarbandið?“, Gísli Gunnarsson, 13. maí 2002, sótt 22. apríl 2024,

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2377>

¹⁴ „Hvað var vistarbandið?“

1.3 Ekkert er merkilegt nema handritin segi það

Eitt sjónarmið sem snýr að rótum hins slæma viðhorfs Íslendinga í garð eigin alþýðumenningar kom fram í samtali mínu við Pétur Húna. Samkvæmt honum má rekja það til upphafs 17. aldar, þegar Dithmar Blefken gaf út merkilegt og stórfurðulegt rit um ferð sína til Íslands.¹⁵ Það er vert að minnast á að dregið hefur verið í efa að Blefken hafi nokkurn tíma komið til Íslands, því lýsingarnar þykja svo svívirðilegar, fjarstæðukenndar og rangar að það geti hreinlega ekki verið að hann hafi verið hér.¹⁶ Við látum það þó liggja á milli hluta.

Arngrímur lærði Jónsson skrifaði opinbert svar við bréfi Blefkens, sem hann síðan sprengdi út í stærra rit sem heitir Crymogea.¹⁷ Pétur túlkar skrif hans þannig að í raun noti Arngrímur fornsögurnar til að afsaka framandi og skrytna siði Íslendinga, að hér hafi alla tíð verið margt gáfað fólk sem komst til mennta og lærði snemma að skrifa og lesa, og þess vegna eigum við þvílík ósköp af fornum skinnhandritum sem varðveita sagnaarfinn. Þetta höfuðrit Arngríms hafi síðan haft mikil áhrif á álit erlendra fræðimanna gagnvart Íslandi, en Crymogea var gefin út í Hamborg, og greiddi leið fyrir þeirri hugmynd að fátt sé merkilegt á Íslandi nema handrit. Þessi hugsun hafi síðan tekið sér bólfestu hjá Íslendingum og vill Pétur meina að afleiður þessarar hugmyndar lifi enn þann dag í dag.

Útaf þessari stóru undirliggjandi hugmynd sem er bara ríkjandi hjá Íslendingum allan þennan tíma, þá gerist það að það er ekkert sem eiginlega nær máli hjá Íslendingum nema að það sé í handriti.¹⁸

Það sem hann meinar er að enn í dag sé megináhersla lögð á hina fornu frægð, fornsögurnar eru sífellt í umræðunni og fólk kemur hingað erlendis frá til að læra um þær. Víkingamyndmál má sjá á víð og dreif um landið, nokkrar af vinsælustu kvikmyndum seinustu fimmtán ára hafa verið Marvel¹⁹ myndir sem byggja að hluta til á fornsögnum, víða má sjá merkingar á vegaskiltum sem benda okkur á söguslóðir einhverra sagna,²⁰

¹⁵ Dithmar Blefken, "Islandia" Upphaflegt rit gefið út 1607, *German History Intersections*, 29. nóvember 2023 <https://germanhistory-intersections.org/en/migration/ghis:document-93>

¹⁶ Sigurður Grímsson. „Glöggt er gests augað. Úrval ferðasagna um Ísland.“ (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1946), 29

¹⁷ Sigurður Grímsson. „Glöggt er gests augað. Úrval ferðasagna um Ísland“, 29

¹⁸ Pétur Húni Björnsson, í samtali við höfund, 27. október 2023

¹⁹ „Franchise: Marvel Cinematic Universe.“ Sótt 9. maí 2024.

<https://www.boxofficemojo.com/franchise/fr541495045/>

²⁰ Söguslóðir.“ njalugattin.is. Sótt 8. maí 2024. <https://www.njalugattin.is/soeguslodir>

skólabörnum er kennt um Snorra Sturluson og Gunnar á Hlíðarenda, og stytur af hinum ýmsu landnámsmönnum hafa verið reistar í kringum landið.²¹²²

2. Alþýða, yfirstétt og viðhorf

Þegar 19. öldin gekk í garð fór ansi margt að gerast í íslensku samfélagi. Einokunarverslun Dana tók enda undir lok 18. aldar, kaupskipum fjölgaði og verslun jókst í kjölfarið. Milliríkjasamskipti jukust þar af leiðandi og hagur þjóðar batnaði smám saman.²³ Hugmyndir um sjálfstæði og breytt stjórnarfar fóru að birtast fyrir miðja öld og miklar breytingar létu á sér kræla, sem síðan dundu á með krafti þegar líða tók á öldina.²⁴

Erlend áhrif fóru að ná til landsins í auknum mæli, og virðist sem svo að viðhorf Íslendinga til sjálfra sín hafi verið nokkuð flókin; annars vegar að halda á lofti hinni fornu og heimaræktuðu frægð sem birtist í fornsögunum og hins vegar að þykja innlend samtímamenning vera síðri en sú menning sem mátti finna erlendis.²⁵ Það er þessi viðhorfsbreyting sem mér þykir vera einn af stóru þáttunum að baki hinni menningarlegu fjarlægð okkar í nútímanum við þjóðlagaarfinn.

2.1. Smekkleysa alþýðunnar

Mektar- og fyrirmenni vildu ólm bæta smekk og listfengi landsmanna. Magnús Stephensen (1762-1833), landfógeti, dómstjóri og stiftamtmaður, var einn af þeim. Magnús var af embættis- og yfirstéttarfolki kominn, en hann var sonur Ólafs Stephensen stiftamtmanns og Sigríðar Magnúsdóttur. Magnús nam heimspeki og lögfræði í Kaupmannahöfn og lærði bæði sönglist og á langspil af föður sínum. Hann var einn af þeim sem kom að stofnun *Hins Íslenska Landsuppræðingafélags*, hvers yfirlýst markmið var að kynna erlenda

²¹ „Ingólfur Arnarson.“ Listasafn Reykjavíkur. Sótt 8. maí 2024. <https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/verk/H-007>

²² „Helgi Magri.“ Þjóðminjasafn Íslands. Sótt 8. maí 2024. <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=649944>

²³ Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísland*. (Reykjavík: Örn og Örlygur, 1983), 267

²⁴ „Hver var röksemdafærsla Jóns Sigurðssonar fyrir aukinni sjálfstjórn Íslendinga?“, Páll Björnsson, 9. ágúst 2006, sótt 1. maí 2024, <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6113>

²⁵ Þórður Helgason. *Alþýðuskáld og rímur*. (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023), 45

menningu og atvinnuhætti fyrir Íslendingum.²⁶ Svo virðist sem Magnúsi hafi ekki þótt mikið til söng- og tónlistarmenningar Íslendinga koma. Árið 1801 gaf hann út „betrumbætta“ sálmabók sem tilraun til að lagfæra þá menningu. Bók sú byggði á Grallaranum, eða *Graduale*, sem var sálmabók með nótum gefin út af Guðbrandi Þorlákssyni Hólabiskupi, fyrst árið 1594.²⁷ Magnús lagði mikið á sig til að „bæta söngsmekk íslendinga“, eins og sr. Bjarni Thorsteinsson kemst að orði:

Magnús Stephensen getur um það, að eftir miðja 18. öld hafi í landinu fjölgað lögum við gaman- og gleðisöngva, að útlendra þjóða hætti, og sjeu þau líflegri og sönglegrri en hin fyrri ósönglegru rímalög; og á öðrum stað tekur hann beinlínis fram, að inn í landið hafi flutzt falleg, verzlæg útlend lög, en þeim hafi ekki verið vel tekið af alþýðunni, og breiðist þau því seinna út en æskilegt væri. Magnús var því mjög hlynntur, að glaðværðarlögum fjölgaði í landinu, og þess vegna bæði orkti hann margt sjálfur og gaf út eftir aðra kvæði með nýjum bragarháttum, og átti það að vera til að bæta söngsmekk íslendinga.²⁸

Sálmabók Magnúsar náði ekki miklum vinsældum og Grallarinn varð áfram í notkun.²⁹ Magnús var greinilega hugsjónamaður sem sá að mikið svigrúm var til að bæta, sem var kannski rétt hjá honum, en fannst þó að við yrðum að flytja inn siði og menningu erlendis frá til að ná þeim umbótum í gegn.

Það var ekki eina atlagan sem gerð var að smekksumbótum á 19. öldinni. Árið 1835 kom tímaritið *Fjölirnir* fyrst út. Þar leituðust fjórir íslenskir námsmenn í Kaupmannahöfn við að boða hina rómantísku stefnu og vekja íslenskan almenning til vitundar um hreintungustefnu, framfara- og þjóðfrelismál. Þessir fjórir menn, þeir Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gíslason og Tómas Sæmundsson, voru ekki ýkja hrifnir af alþýðumenningu Íslendinga, og þá sérstaklega þeirri ljóð- og tónlist sem tíðkaðist þá.³⁰ Fjölismenn fetu fingur út í rímurnar sérstaklega, fannst þær klénar og illa ortar. Alþýðan var ekki endilega á sama máli, en rímur voru ein vinsælasta bókmenntagrein landsins á fyrri hluta 19. aldar.³¹ Fjölismenn og þeirra bandamenn, með Jónas fremstan í flokki, áttu í opinberum ritdeilum við vinsæl rímnaskáld. Jónas hafði skrifað skæða gagnrýnisgrein í *Fjölni* árið 1837 sem var áfellsdómur yfir *Tristansrímum* Sigurðar Breiðfjörð, og stóðu þessar ritdeilur lengi yfir.³²

²⁶ „Magnús Stephensen (1762-1883)“, Helgi J, 1. ágúst 2019, sótt 20. apríl 2024, <https://glatkistan.com/2019/08/01/magnus-stephensen/>

²⁷ „Grallarinn [annað] (1594-)“, Helgi J, 19. janúar 2015, sótt 20. apríl 2024, https://glatkistan.com/2015/01/19/grallarinn_annað/

²⁸ Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk þjóðlög*. (Kaupmannahöfn: Carlsbergssjóðurinn, 1906-1909), 46

²⁹ „Grallarinn [annað] (1594-)“

³⁰ Borghildur Einarsdóttir, „Um Fjölni og Fjölismenn“, *Birtingur*, 11. árgangur, 1.-2. tölublað (1965): 10

³¹ Þórður Helgason. *Alþýðuskáld og rímur*, 17

³² Þórður Helgason. *Alþýðuskáld og rímur*, 14

Matthías Jochumsson og Bjarni Thorarensen voru skoðanabræður Fjölnismanna, en Bjarni flokkaði rímnakveðskap sem *alþýðuskáldskap* en ekki eiginlegan skáldskap, og þá sem ortu rímur kallaði hann *rímara*.³³ Þarna er *alþýðu-* forskeytið notað á lítillækkandi eða niðrandi máta, skör neðar en sá menntaði skáldskapur sem þeir sjálfir stunduðu. Bókin *Alþýðuskáldin á Íslandi* eftir Þórð Helgason fer ítarlega yfir þessi mál. Þar kemur meðal annars fram:

Þótt Jónas geri einum rímum skil í dómi sínum er ljóst að hann hefur alla greinina í huga, öll rímnaskáldin. Dómurinn er þungur en er fagurfræðilega tilraun til að leiða inn nýjan smekk í ljóðagerð þjóðarinnar. Rímur Sigurðar „eyða og spilla“ að mati Jónasar „tilfinningunni á því, sem fagurt er og skáldlegt.“³⁴

Þarna má segja að í fyrsta sinn komi fram á sjónarsviðið nokkurs konar bókmenntastofnun á Íslandi, þar sem gjá myndaðist milli menntaðra og ómenntaðra skálda. Þeir sem tilheyrðu henni vildu reyna að bæta smekk landans líkt og Magnús Stephensen hafði viljað gera nokkrum áratugum áður. Þarna kemur skýrt fram hvers konar viðhorf í garð íslenskrar menningar bjó í brjósti þeirra sem voru í flokki menntamanna og menningarvita. Þrátt fyrir að þá skorti eflaust liðsinni innanlands til að taka undir með þeim, því fámennt var í landinu á þessum árum og menntunarstig lágt, hafa verk þessa hóps lifað og skoðanir þeirra hafa litað viðhorf komandi kynslóða.³⁵ Í dag eru þessir menn: Jónas, Bjarni og Matthías meðal annarra, í tölu höfuðskálda þjóðarinnar og verk þeirra eiga heima í skólastofum um allt land. Meira að segja er fæðingardagur Jónasar nefndur *dagur íslenskrar tungu*.

2.2. Þjóðlagasöfnun sr. Bjarna

Þegar sr. Bjarni Thorsteinsson hóf að safna þjóðlögum í rit sitt *Íslensk þjóðlög* árið 1887 hafði gullaldarskeið þjóðsagna- og handritasöfnunar runnið sitt skeið. Miklu magni af hvoru tveggja hafði verið safnað og margt af því útgefið, sbr. þjóðsögur Jóns Árnasonar sem komu að hluta til út á árunum 1862-1864.³⁶ Þetta viðfangsefni ræddi ég sérstaklega við Pétur Húna. Það var áhugavert að heyra hann tala um söfnunarstarfið sjálft, en hann vill meina að þrátt fyrir að Bjarni hafi unnið við sitt safn áratugum eftir að þjóðsögum var

³³ Þórður Helgason. *Alþýðuskáld og rímur*, 23

³⁴ Þórður Helgason. *Alþýðuskáld og rímur*, 58

³⁵ G.R. „Um rímnakveðskap.“ *Iðunn* 17. árgangur, 1.-2. tölublað (1933): 167

³⁶ Pétur Húni, „Íslensk þjóðlagatónlist? Söfnun, útgáfa og viðtökur þjóðlagasafns Bjarna Þorsteinssonar, Íslensk þjóðlög.“ (MA rígerð, Háskóli Íslands, 2019), 27.

safnað hafi hann þó rekist á svipaðar hindranir og kollegar hans í söfnuninni. Bjarni hafi sent bréf vítt og breitt um landið til sýslumanna, presta og alþýðufólks til að fá send þjóðlög og ferðast um landið og til Kaupmannahafnar í söfnunartilgangi. Margir hafi þá verið fullvissir um að íslensk þjóðlagatónlist væri í raun ekki til, því hún kæmi öll annars staðar frá og það litla sem væri til væri ekki þess virði að skrá.

Bjarni kynntist alþýðusöngskap á uppvaxtarárum sínum, sem gjarnan var sunginn í réttum og brúðkaupsveislum. Þegar nótnahefti með sönglögum komu út á prenti tók hann eftir að engin af þeim lögum sem hann þekkti úr æsku voru á þeim blöðum.³⁷ Við nánari fyrirgrennslan um ástæður þess fékk hann ýmis svör. Sum voru á þá leið að hver syngi lögin með sínu nefi og væri torsótt að skrifa þau upp. Einn aðspurðra sagði:

Það væri fallett fyrirtæki, eða hitt þó heldur, að fara að prenta bannsett tvísöngsgaulið þeirra, gömlu karlanna.³⁸

Þarna komum við aftur að viðhorfinu sem fyrirfannst á þessum tíma. Strax á 19. öld var þetta farið að þykja úrelt og varla þess virði að varðveita. Þetta eru ekki einu dæmin sem má finna, en ég tel þessi vera hvað skýrust. Það eru þessi viðhorf sem ég tel vera grundvallarástæðu þess að Íslendingar skildu þjóðlagatónlistararf sinn, að miklu leyti til, eftir í torfbænum. Ekki voru allir á sama máli, sem betur fer, en framvinda tímans átti enn eftir ófáar vinkilbeygjur upp í erminni. Nítjándi öldin var uppfull af umróti og stefnubreytingum og tímarnir sem fylgdu slógu ekki slöku við í þeim efnum.

³⁷ Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*, 15

³⁸ Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög*, 16

3. Nútíminn er trunta

Undir lok 19. aldar fóru þjóðfélagsbreytingarnar að gerast hraðar en áður hafði þekkt hér á landi. Á árabílinu 1880-1920 urðu grundvallarbreytingar á lífi og samfélagi Íslendinga þegar nútíminn kom á fleygiferð og borgvæðing hófst af fullum þunga. Ég held að við sem lífum í dag getum með engu móti gert okkur grein fyrir umbyltingunni sem varð á þessu stutta árabíli. Árið 1880 bjuggu um 94% landsmanna í sveitum, en árið 1920 var hlutfallið orðið um 54%. Á sama árabíli fjölgaði íbúum Reykjavíkur úr rúmlega 2.500 manns í u.þ.b. 17.600.³⁹ Peningaviðskipti færðust í aukana, þéttbýli fór að myndast víðsvegar um landið, síldarárin gengu í garð með öllum sínum útflutningi og atvinnustarfsemi, og tækifærum landsmanna til menntunar og starfa fjölgaði stöðugt.

3.1 Kvæðamennskan á faraldsfæti

Með brotthvarfi baðstofunnar og bændasamfélagsins lögðust kvöldvökur niður í þeirri mynd sem þær þekktust árhundruðin áður.⁴⁰ Með borgvæðingu dreifðust þau störf sem áður hafði verið sinnt innan veggja torfbæjarins á mismunandi staði í þéttbýlinu. Þegar Ríkisútvarpið hóf rekstur árið 1930 má segja að hlutverk kvæðamannsins hafi orðið úrelt því ekki var lengur þörf á að manneskja væri á staðnum til að styttu fólki stundir við vinnu með kveðskap og rímum. Kveðskapur lifði þó áfram í sveitunum um tíma, meðal annars í göngum og réttum og á annars konar mannamótum. Útvarpið var þó ekki alger böðull þjóðlagatónlistar og kvæðamennsku. Á vegum þess var kveðskapur hljóðritaður, viðtöl voru tekin við kvæðamenn og hagrýðinga og þættir um kveðskap voru á dagskrá þess fyrstu áratuginna.⁴¹ Fólki sem þótti vænt um arfinn hafði áhyggjur af því að hann myndi deyja út og því voru stofnuð kvæðamannafélög til að halda við hefðinni, þar á meðal Kvæðamannafélagið Iðunn árið 1929.⁴²

Vinsældir kveðskapar og hefðbundinnar þjóðlagatónlistar fóru þó ekki vaxandi með árunum. Árið 1933 sendi einn lesandi tímaritsins Iðunnar inn skoðanapistil þar sem hann fór ófögurum orðum um tónlistarmenningu Íslendinga á öldum áður, og þá sérstaklega

³⁹ Ólafur Björnsson. *Þjóðarbúskapur íslendinga*. (Reykjavík: Hlaðbúð, 1964), 14

⁴⁰ „Kveðskaparhefðin“

⁴¹ „Kveðskaparhefðin“

⁴² „Kveðskaparlistin.“

rímnakveðskapinn. Höfundur kemur ekki fram undir nafni, heldur skrifar aðeins undir með skammstöfuninni *G.R.* Pistillinn er afdráttarlaus og afhjúpanði gagnvart því hugarfari sem ríkti líklega í hugum margra á þessum miklu framfaratímum.

En þótt Ísland liggi langt frá öðrum löndum, þá kom þar þó um síðir, að mönnum gafst kostur á betri tónlist en rímnalögunum. Hin almenna viðreisnarstarfsemi á Íslandi greiðir fyrir kynnum við útlenda listmenningu bæði í tónlist og bókmenntum...⁴³

Greinarhöfundur gengur svo langt að segja að Útvarpið ætti alfarið að hætta að senda rímnalög og kveðskap út, vegna þess að erlend skip á ferð um landið gætu náð útsendingunni og íslensk þjóð biði álitshnekki á alþjóðasviði vegna tónlistarinnar.

Þetta hefir beinlínis orðið til þess, að hvað eftir annað hafi menntaðir útlendir hlustendur hrokkið í kút og litið hver á annan, og það gæti verið hollt fyrir þjóðarmetnað Íslendinga að vita það, að meðal breskra fiskimanna hefur rímnakveðskapurinn hlotið nafnið „vitlausí maðurinn í útvarpinu“ (the lunatic in the radio)⁴⁴

Næstu tvær málsgreinar eru hvað mest afhjúpanði í öllum pistlinum. Höfundur segir:

Rímurnar og rímnalögin eiga hvergi heima nema í söfnunum og vinnustofum fræðimanna. Gömlu moldarbærirnir, gömlu húsgögnin, gamli fatnaðurinn, gamla hjátrúin og sóðaskapurinn, gömlu rímurnar og rímnalögin; allt tilheyrir þetta til samans fortíðinni, og er engin ástæða til að viðhalda einu öðru fremur⁴⁵

og hann bætir við í lokin:

Dagar holtapokuvælsins og hins ámátlega kveðskapar eru liðnir, og íslendingar búnir að eignast skilyrði til þess, í fyrsta skipti í sögunni, að verða söngelsk og söngmenntuð þjóð. Og engin misskilin ræktunarstarfsemi eða merkilegheit af hálfu rímnagaularanna mega verða þess valdandi að stöðva eða varpa rýrð á þá þróun⁴⁶

Sýn pistlahöfundar er að rímnakveðskapur og kvæðamennska hafi sprottið úr eynd og ömurð, kulda, vosbúð og menntunarleysi. Þessi áhyggjufulli lesandi var eflaust ekki einn á þessari skoðun.

⁴³ G.R. „Um rímnakveðskap.“, 165

⁴⁴ G.R. „Um rímnakveðskap“, 168

⁴⁵ G.R. „Um rímnakveðskap“, 170

⁴⁶ G.R. „Um rímnakveðskap“, 170

3.2 Nýtt samhengi þjóðlaga

Þrátt fyrir að andúð og heimilisleysi hafi blasað við þjóðtónlistararfinum í upphafi aldarinnar var þó ekki öll von úti. Með nýjum tímum koma ný tækifæri og hið gamla getur fundið sér samastað í breyttum aðstæðum.

Maður nokkur hét Jón Lárusson, fæddur 1873 í Austur-Húnavatnssýslu. Hann var mikill og rómaður kvæðamaður og sagðist sjálfur kunna um 150 stemmur, eða kvæðalög.⁴⁷ Árið 1928 fór hann í sína fyrstu för til Reykjavíkur í þeim tilgangi að halda kvæðalagatónleika. Á komandi árum hélt hann fleiri slíka tónleika bæði í Reykjavík og á Akureyri, annað hvort einn síns liðs eða með börnum sínum. Með miðasölutekjum af þeim tónleikum náði hann að safna fyrir fyrstu útborgun á jörð sem hann hugðist kaupa.⁴⁸ Það gefur til kynna að aðsóknin hafi verið töluverð, og þar af leiðandi áhuginn.

Á svipuðum tíma fóru fyrstu tónskáld Íslendinga að koma fram á sjónarsviðið. Mörg þeirra leituðu í þjóðlagatónlistina við sína tónsköpun, en í Evrópu hafði þjóðernisrómantík verið ríkjandi hugmyndafræði á nítjándu öldinni og náð fram á þá tuttugustu.⁴⁹ Jón Leifs ber helst að nefna, en hann lærði einmitt tónlist í Leipzig.⁵⁰ Jón bæði útsetti þjóðlög og notaði þau sem tónefni í sköpun sinni, og var fyrsta íslenska tónskáldið til að gera slíkt.⁵¹ Hann fór þrjár ferðir um landið til að taka upp kveðskap⁵². Bæði fornsögurnar og náttúra Íslands voru honum innblástur til sköpunar, sbr. verk hans Edda, Dettifoss, Baldr, Hekla o.fl. Jón sat ekki einn að þessum efnivið, til dæmis útsetti Sigfús Einarsson þjóðlög og Jórunn Viðar var undir áhrifum þjóðlagatónlistar í sinni tónsköpun.⁵³

Þarna má sjá að þjóðlagatónlistin hafði færst úr baðstofunni og eignast nýtt heimili í tónleikasalnum. Samhengið var gjörbreytt, hið forna heimili hennar var horfið, en þó var eitthvað af henni sem blundaði í fólkinu og dó hún því ekki alveg út.

⁴⁷ Gunnar M. Magnússon. „Jón Lárusson kvæðamaður.“ *Útvarpstíðindi* 4. árgangur, 15. tölublað (1942): 221

⁴⁸ Gunnar M. Magnússon. „Jón Lárusson kvæðamaður“, 222

⁴⁹ Kohn, Hans. „Romanticism and the Rise of German Nationalism.“ *The Review of Politics* 12. árgangur, 4. tölublað (1950): 443

⁵⁰ Hjálmar H. Ragnarsson. „Jón Leifs.“ *Andvari* 115. árgangur, 1. tölublað (1990): 13

⁵¹ „Jón Leifs.“ Árni Heimir Ingólfsson. Sótt 30. apríl 2024. <https://shop.mic.is/people/jon-leifs/>

⁵² Hjálmar H. Ragnarsson. „Jón Leifs“, 21

⁵³ Pétur Már Ólafsson. „Gyðjan heimsótti mig í dag,“ viðtal við Jórunni Viðar píanóleikara og tónskáld.“ *Þjóðlíf* 5. árgangur, 2. tölublað (1989): 42

3.3 Blessað stríðið

Seinni heimsstyrjöldin breytti síðan öllu, hvort sem það var á sviði lista og menningar eða atvinnuvega og innviða. Með hernáminu komu til landsins erlend áhrif í skipsförnum. Þegar mest lét voru staðsettir hér á landi um 50.000 hermenn og þeim fylgdi mikið umstang og breytingar. Atvinnuleysi hafði verið viðvarandi frá kreppuárunum á 4. áratugnum, en með komu bandaríska hersins sérstaklega var því atvinnuleysi svo gott sem útrýmt.⁵⁴ Með hernum komu flugvellir og flugvélar, bílar, 12.000 braggar, nælonsokkabuxur, tyggjó, útvarp og tónlist.⁵⁵ Erlend áhrif jukust meira en nokkru sinni fyrr og má áætla að hin gamla þjóðlega menning hafi ekki þótt mjög „kúl“ í samanburði, þó einungis væri litið til viðhorfa hins skoðanasterka lesanda Íðunnar frá 1933. Einnig má gera sér í hugarlund að þessi mikla efnahagslega uppsveifla hafi enn frekar ýtt undir framfarahugsjónina, og fortíðin hafi fjarlægst ansi hratt.

4. Þjóðlagabylgjur og menningarbyltingar

Eins og áður hefur komið fram var algengt að þær þjóðlagahljómsveitir sem störfuðu hér á landi á 7. og 8. áratugnum byggðu mest af efnisskrá sinni úr erlendum lögum. Það var aðallega Savanna-tríóið, með þá Björn G. Björnsson, Troel Bendtsen og Þóri Baldursson í fararbroddi, sem hafði að miklum hluta íslensk þjóðlög á sínum lagalista. Aðrar sveitir höfðu einnig töluvert af frumsömdu efni á sinni skrá og má nefna Heimi og Jónas í því samhengi. Mér lék forvitni á að vita af hverju fleiri sveitir notuðu ekki íslensk þjóðlög í meiri mæli og ég taldi nauðsynlegt að tala við einhvern sem var hluti af hinni skammlífu en merkilegu íslensku þjóðlagatónlistarsenu á 7. og 8. áratugnum.

Ég tók því viðtal við Jón Árna Þórisson sem var meðlimur þjóðlagahljómsveitarinnar Lítið eitt.⁵⁶ Sú hljómsveit var starfandi á árabílinu 1970-1976 og naut talsverðra vinsælda. Sveitin gaf út tvær plötur og lék, líkt og margar aðrar slíkar hljómsveitir, mestmegnis erlend lög með íslenskum textum.

⁵⁴ Hellerud, Synnøve V., Knutsen, Ketil, Moen, Sigríð. Gunnar Karlsson þýddi. *Styrjaldir og kreppa*. (Kópavogur: Menntamálastofnun, 2011), 132

⁵⁵ Guðmundur Magnússon. „Hernámið gerbreytti þjóðlífínu.“ *mbl.is*. 10. maí 2020.

⁵⁶ Jón Árni Þórisson (fyrrum meðlimur Lítið eitt), viðtal tekið af höfundi ritgerðar á kaffihúsi Bókasamlagsins 7. nóvember 2023

Aðspurður sagði Jón að í raun hafi enginn sem starfaði í þessum hljómsveitum þekkt arfinn til hlítar, og þar af leiðandi getað notað sér hann af raunverulegu innsæi, því erlend áhrif voru svo sterk. Lítið eitt hafi til dæmis lítið mun meira til bresku þjóðlaga-rokksveitarinnar Fairport Convention en þjóðlagasafns séra Bjarna. Hann segist sjálfur einfaldlega ekki hafa haft hugmyndaflug til að leita í íslenska arfinn á þeim tíma, hann hafði kynnst honum seinna í gegnum vin sinn.

Sú frásögn rímar við viðhorfsþróunina sem fjallað var um í fyrri köflum. Ef ríkjandi skoðun áratuginna áður var sú að þessi tónlist væri úrelt eða einungis hæf sem efniviður fyrir háfleyg tónskáld er ekki að undra að ungmenni á 7. áratugnum hafi ekki þekkt hana.

Talinu vísar að tíðarandanum og hvort einhvers konar umræða um íslenska þjóðlagatónlist hafi verið í gangi á þessum tíma. Jón segist ekki muna til þess að slík umræða hafi verið í gangi og að breska þjóðlagarokkið sem barst hér í miklum mæli hafi ekki verið sett í samhengi við innlendan þjóðlagarokk. Líklega hafi það verið skortur á innsæi eða upplýsingum. Hann sagði frá því að þegar hann lærði ensku við Háskóla Íslands á sínum tíma hafi hann rekist eitt sinn á enskt þjóðlagasafn á bókasafninu. Þar fann hann mörg af lögnum sem bresku þjóðlaga-rokksveitirnar Steeleye Span og Fairport Convention voru að spila, sem voru meðal þeirra hljómsveita sem hann hlustaði á og höfðu áhrif á hann. Hann heldur áfram og segir:

Það sem maður heyrði af íslenskri þjóðlagatónlist á þessum árum, það var eitthvað sem maður hafði engan áhuga á. Rímnasöngur eða eitthvað slíkt, það bara höfðaði ekki til manns⁵⁷

Jón talar um að mestmegnis hafi þetta verið gamlir menn að rifja eitthvað upp í útvarpinu. Hér komum við að birtingarmynd arfsins í samtímanum, en á þessum tíma virðist hann þegar hafa verið orðinn gamaldags, eitthvað sem einungis heyrðist sem endurminningar gamalmenna í útvarpi allra landsmanna. Þarna á 6. og 7. áratug 20. aldar, þegar Jón Árni var að alast upp og koma til vits og ára, virðist menningarrofið vera nær algert. Þetta var orðin fjarlæg og óaðlaðandi fortíð fyrir honum sem ungum manni.

⁵⁷ Jón Árni Þórisson, í samtali við höfund 1. nóvember 2023

Niðurlag og umræður

Til að svara rannsóknarspurningunni þá tel ég fyrst og fremst skömm í garð eigin menningar eiga sök á tengsla- og menningarrofinu milli nútímans og hins forna þjóðlagatónlistararfs. Fólkinu sem lagði grunninn að því samfélagi sem við eigum í dag og vildi einlæglega bæta hag sinnar þjóðar fannst þessi tónlist, en það skilgreindi hana varla sem slíka, ekki eiga neitt erindi í íslensku nútímasamfélagi. Það er veganestið sem þessi menningararfur fékk þegar nútíminn barði að dyrum um aldamótin 1900 og má segja að við þau kjör búi hann enn.

Það virðist ljóst að óyndi gagnvart eigin menningu hafi hreiðrað um sig í brjóstum margra Íslendinga nokkuð snemma, því að það virðist vera svo langt síðan að íslensk þjóðlagatónlist tók að þykja óæðri og léleg. Sárar og erfiðar minningar fólks um örbirgð og óþrifnað í torfbæjum ýttu undir þá skoðun, og er því skiljanlegt að fólk sem lifði á hinum miklu framfarátímum í lok nítjándu aldar og í byrjun þeirrar tuttugustu hafi haft þessar skoðanir. Þessi tónlist tengdist minningum um erfiðar og í raun frumstæðar samfélagsaðstæður sem eðlilegt er að vilja losna úr. Ég held að hinn skoðanasterki lesandi Iðunnar komist að kjarna málsins í sínum pistli, að í hugum fólks hafi þetta einfaldlega tilheyrt fortíðinni og ætti ekki að halda því á lofti og því virðist sem kvæðamennskan hafi einfaldlega ekki átt heima í þéttbýlinu, að minnsta kosti ekki á þeim tíma.

Þó erlend áhrif séu að miklu leyti kveikjan að þessum hugmyndum er ekki þar með sagt að þessi viðhorf hafi verið algild eða hafin yfir gagnrýni. Fólk hefði alveg getað séð virði tónlistarinnar, burtséð frá samanburði við tónlist annars staðar frá. Íslendingar hefðu getað tekið upp ný hljóðfæri, spilað og sungið lögin á nýjan hátt, útfært þau og leyft þeim að þróast með sér, en líklega var þörfin til að stíga uppgangsölduna og verða þjóð meðal þjóða sterkari en sú til að halda í leifar af gamla samfélaginu. Möguleikinn á bættum líf skjörum trompar líklega flest annað. Það má velta því fyrir sér hvað hefði getað orðið ef Íslendingar hefðu gengið í gegnum iðnbyltingu um svipað leyti og nágrannaþjóðir okkar. Kannski hefði þjóðlagatónlistin orðið að rödd verkafólksins, rödd alþýðunnar og hún þróast og breyst á eðlilegum hraða meðfram samfélagbreytingum og breyttum lifnaðarháttum.

Þegar nýju íslensku tónskáldin fóru að nýta þennan arf í sínum tónsmíðum og gera úr henni tónleikaverk má segja að samtímis hafi tónlistin færst nær og fjær alþýðunni. Hún fékk ný

föt og varð þar af leiðandi aðgengilegri í samtímasamhengi. Á sama tíma var hún þó komin úr höndum hversdagsleikans og inn í tónleikasalina og nótnabækurnar. Þar með var hún komin bakvið ákveðinn vegg, þar sem tónlistarmenntunar var krafist til að skilja hana og nýta sér.

Þetta birtist einna skýrast á tónleikahaldi Jóns Lárussonar en þar var hin forna alþýðutónlist orðin að formlegri menningarstarfsemi, kveðskapur manns sem hafði kvæðamennsku í beinunum var orðið eitthvað framandi sem fólk flykkist að til að upplifa.

Það má segja að hernámið slíti seinustu taugarnar sem enn voru tengdar gamla samfélaginu. Þegar það dundi á með alla sína uppbyggingu, tónlist, varning og peninga varð ekki aftur snúið. Nútíminn kom með offorsi og framtíðin blasti við. Því er ekki að undra að ungt fólk á 7. og 8. áratugunum hafi ekki þekkt þennan arf. Ástandið tel ég vera nær óbreytt enn í dag, þetta er fjarlægt okkur og fornt í sniðum. Mér þykir líka merkilegt að svo fáar af þessum þjóðlagahljómsveitum hafi leitað af alvöru í sinn eigin þjóðtónlistararf en það var einmitt það sem fyrirmyndirnar, þjóðlaga-rokksveitirnar erlendis, voru að gera.

Það er nauðsynlegt að minnast á að ég er ekki sá fyrsti til að velta þessu fyrir mér og margir hafa unnið með og rannsakað þjóðlagatónlistararfinn í gegnum árin. Bára Grímsdóttir, Chris Foster, Þursaflokkurinn, Ylja, Spilmenn Ríkínís, Pétur Húni Björnsson, Linus Orri Cederborg, Rósa Þorsteinsdóttir, Kvæðamannafélagið Iðunn, Voces Thules, Umbra, og svo mætti lengi telja. Það er greinilegt að margir sjá möguleikana og virðið í þessum arfi.

Ég velti fyrir mér hvort íslenskur þjóðlagatónlistararfur geti orðið alþýðulist og samfélagsspegill að nýju. Eins og skýrt hefur komið fram lifum við ekki í sama samfélagi og hefðbundin íslensk þjóðlagatónlist, rímnakveðskapur og kvæðamennska tilheyrðu, en kannski er nógu langur tími liðinn frá baðstofunni til þess að við getum farið að líta til baka. Kannski var þetta langa ferli afneitunar og fjarlægðar nauðsynlegt til þess að við í dag getum séð eitthvað virði í okkar aldagömlu tónlistarmenningu. Í hinu klassíska bókmenntaþema um dauða og uppris, þá rís ekkert frá dauðum án þess að breytingar eigi sér stað. Hver veit nema að íslensk þjóðlög fari að heyrast reglulega í útilegum framtíðarinnar?

Heimildaskrá

„Af hverju voru yfirvöld á Íslandi áður á móti borgarsamfélagi og Reykjavík?“, Gunnar Karlsson, 29. júní 2001, sótt 4. maí 2024,

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=1754>

„Evolution of Swedish Folk Music.“ Anderson, Lara. 1. ágúst 2016. Sótt 4. maí 2024

<https://swedishpress.com/evolution-of-swedish-folk-music/>

„Folk music revivals and the birth of sessions.“ Thorman, Marc. Seinast uppfært 22. febrúar 2023. Sótt 4. maí 2024. <https://scalar.usc.edu/works/music-in-global-america/folk-music-revivals-and-the-birth-of-sessions>

„Franchise: Marvel Cinematic Universe.“ imdb.com. Sótt 9. maí 2024.

<https://www.boxofficemojo.com/franchise/fr541495045/>

„Grallarinn [annað] (1594-), Helgi J, 19. janúar 2015, sótt 20. apríl 2024,

https://glatkistan.com/2015/01/19/grallarinn_annað/

„Heimir og Jónas (1964-70).“ Helgi Jónsson. 24. janúar 2024. Sótt 1. maí 2024.

<https://glatkistan.com/2024/01/24/heimir-og-jonas/>

„Helgi Magri.“ Þjóðminjasafn Íslands. Sótt 8. maí 2024.

<https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=649944>

„Hvað var vistarbandið?“, Gísli Gunnarsson, 13. maí 2002, sótt 22. apríl 2024,

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=2377>

„Hver var röksemdafærsla Jóns Sigurðssonar fyrir aukinni sjálfsstjórn Íslendinga?“, Páll Björnsson, 9. ágúst 2006, sótt 1. maí 2024,

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=6113>

„Ingólfur Arnarson.“ Listasafn Reykjavíkur. Sótt 8. maí 2024.

<https://safneign.listasafnreykjavikur.is/is/verk/H-007>

„Jón Leifs.“ Árni Heimir Ingólfsson. Sótt 30. apríl 2024. <https://shop.mic.is/people/jon-leifs/>

„Kveðskaparhefðin.“ Kvæðamannafélagið Iðunn. 7. nóvember 2018, sótt 2. maí 2024.

<https://lifandihefdir.is/lifandi-hefdir/kvedskaparhefdir/>

„Kveðskaparlistin.“ Ragnheiður Ólafsdóttir. Sótt 28. apríl 2024.
<https://www.rimur.is/kvedskaparlistin>

„Lítið eitt (1970-1976).“ Helgi Jónsson. 19. janúar 2015. Sótt 14. mars 2024.
https://glatkistan.com/2015/01/19/litid_eitt/

„Magnús Stephensen (1762-1883)“, Helgi J, 1. ágúst 2019, sótt 20. apríl 2024,
<https://glatkistan.com/2019/08/01/magnus-stephensen/>

„Río Tríó [2] Þ(1965-2011).“ Helgi Jónsson. 20. júlí 2015. Sótt 5. maí 2024.
<https://glatkistan.com/2015/07/20/rio-trio-2/>

„Savanna tríó (1961067 / 1990).“ Helgi Jónsson. 18. febrúar 2017. Sótt 4. maí 2024.
<https://glatkistan.com/2017/02/18/savanna-trioid/>

„Sigfús Einarsson (1877-1939).“ Helgi Jónsson. 14. júlí 2021.
<https://glatkistan.com/2021/07/14/sigfus-einarsson/>

„Söguslóðir.“ njalugattin.is. Sótt 8. maí 2024. <https://www.njalugattin.is/soeguslodir>

„What Was the Folk Revival?“ Race, Paul. -Sótt 7. maí 2024.
https://creekdontrise.com/folk_songs/folk_rev/what_is_folk_rev.htm

Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn: Carlsberg sjóðurinn, 1906-1909.

Borghildur Einarsdóttir, „Um Fjölni og Fjölnismenn,“ *Birtingur*, 11. árgangur, 1.-2. tölublað (1965): 2-30

Dithmar Blefken, “Islandia” Upphaflegur texti gefinn út 1607, *German History Intersections*, 29. nóvember 2023 <https://germanhistory-intersections.org/en/migration/ghis:document-93>.

G.R. „Um rímnakveðskap.“ *Iðunn* 17. árgangur, 1.-2. tölublað (1933): 165-170

Gísli Gunnarsson, *Upp er boðið Ísland*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1983.

Guðmundur Magnússon. „Hernámið gerbreytti þjóðlífinu.“ *mbl.is*. 10. maí 2020. Sótt 8. maí 2024.
https://www.mbl.is/mogginn/bladid/netgreinar/2020/05/10/hernamid_gerbreytti_thjodli_finu/?_t=1715205906.8352447

Gunnar M. Magnússon. „Jón Lárusson kvæðamaður.“ *Útvarpstíðindi* 4. árgangur, 15. tölublað (1942): 221-223

- Hellerud, Synnøve V., Knutsen, Ketil, Moen, Sigrid. Gunnar Karlsson þýddi. *Styrjaldir og kreppa*. Kópavogur: Menntamálastofnun, 2011 bls 131-135
- Hjálmar H. Ragnarsson. „Jón Leifs.“ *Andvari* 115. árgangur, 1. tölublað (1990): 5-38.
- Karpeles, Maud. „Definition of Folk Music.“ *Journal of the International Folk Music Council*, 7. tölublað (1955), 6-7
- Kohn, Hans. “Romanticism and the Rise of German Nationalism.” *The Review of Politics* 12. árgangur, 4. tölublað (1950): 443–72. <http://www.jstor.org/stable/1404884>.
- Mitchell, Julia Yvonne. „Subterranean Bourgeois Blues: The Second English Folk Revival, c. 1945-1970.“ Phd-ritgerð, UCL, 2014.
- Ólafur Björnsson. *Þjóðarbúskapur íslendinga*. Reykjavík: Hlaðbúð, 1964.
- Pétur Húni, „Íslensk þjóðlagatónlist? Söfnun, útgáfa og viðtökur þjóðlagasafns Bjarna Þorsteinssonar, Íslensk þjóðlög.“ MA rígerð, Háskóli Íslands, 2019
- Pétur Húni, „Rímur um rímur.“ MA ritgerð, Háskóli Íslands, 2020.
- Pétur Már Ólafsson. „Gyðjan heimsótti mig í dag,“ viðtal við Jórunni Viðar píanóleikara og tónskáld.“ *Þjóðlíf* 5. árgangur, 2. tölublað (1989): 39-44
- Sigurður Grímsson. „Glögg er gests augað. Úrval ferðasagna um Ísland.“ Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1946
- Þórður Helgason. *Alþýðuskáld og rímur*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023.